

Félagsmálaráðherra kynnis tillögur til þess að styrkja húsnæðismarkað á landsbyggðinni

Til : Ísafjarðarbær
Frá : Sigrún Ásta Magnúsdóttir <sigrun@ils.is>
Heiti : Félagsmálaráðherra kynnis tillögur til þess að styrkja húsnæðismarkað á landsbyggðinni
Málsnúmer : 2018090051
Málsaðili : Íbúðalánasjóður
Skráð dags : 25.07.2019 09:37:57
Höfundur : Sigrún Ásta Magnúsdóttir <sigrun@ils.is>
Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

Sæll Guðmundur,

Nú hefur Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra birt áform sín um að breyta lögum og reglugerðum í þeim tilgangi að styrkja húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni og koma til móts við áskoranir sem fjölmörg sveitarfélög standa frammi fyrir í húsnæðismálum. Birti hann stöðuskýrslu þess efnis í [samráðsgátt stjórnvalda sem finna má hér](#).

Síðastliðið haust fór Íbúðalánasjóður af stað með tilraunaverkefni að frumkvæði Félagsmálaráðherra í því skyni að leita leiða til þess að bregðast við langvarandi stöðnun á húsnæðismarkaði á landsbyggðinni.

Í samvinnu við Bygðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga voru valin sjö sveitarfélög sem eru að glíma við ólíkar áskoranir í húsnæðismálum en eiga það þó sameiginlegt að óvirkur íbúða- og eða leigumarkaður hefur staðið framþróun í sveitarfélaginu fyrir þrífum.

Undanfarna mánuði hefur Íbúðalánasjóður unnið náið með þeim sveitarfélögum sem valin voru til þátttöku í verkefninu að því að greina þann vanda sem þau standa frammi fyrir ásamt mögulegum lausnum til þess að bregðast við. Áform þau er félagsmálaráðherra hefur nú kynnt byggja meðal annars á niðurstöðum úr þeirri vinnu.

Tillögur ráðherra eru settar fram í þremur liðum og snúa þær að stofnkostnaði íbúðabygginga, fjármögnun þeirra og leiðum til þess að efla leigumarkað með hagkvæmt leiguhúsnæði.

Ráðherra boðar að unnið sé að reglugerð um nýjan lánaflokk hjá Íbúðalánasjóði sem auðveldar sjóðnum að veita fjármögnun á landsbyggðinni. Hann leggur áherslu á að tryggja þurfi íbúum landsbyggðarinnar aðgengi að fjármagni á sambærilegum kjörum og fást á virkari markaðssvæðum. Þá vill ráðherra bregðast við skorti á hagkvæmu leiguhúsnæði með því að gera sveitarfélögum á landsbyggðinni kleift að byggja íbúðir í almenna leigukerfinu með stofnframlagi ríkisins. Enn fremur leggur hann til að heimilt verði að veita sérstakt byggðaframlag vegna leiguíbúða á svæðum þar sem misvægi ríkir á milli byggingarkostnaðar og markaðsverðs og þá verði heimildir sveitarfélaga til þess að leggja fram stofnframlög rýmkaðar.

[Frekari upplýsingar er að finna á samráðsgátt stjórnvalda](#) og á [heimasíðu sjóðsins](#).

Það er von okkar að tillögur þessar mælist vel fyrir og vill Íbúðalánasjóður þakka sveitarfélögunum þann mikla áhuga sem verkefninu hefur verið sýndur og fyrir góða samvinnu í þessu verkefni sem og öðrum.

Þá viljum við einnig hvetja sveitarfélögin til þess að hafa samband við okkur ef spurningar vakna eða ef eitthvað er óljóst.

Kv. Sigrún

Kveðja / Best regards

Sigrún Ásta Magnúsdóttir
Frankvæmdastjóri
Greininga- og áætlanasvið
sigrun@ils.is



Borgartún 21
105 Reykjavík
Sími +354 5696900

[Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)